

Fundur í samstarfsráði

4. október 2019 - Fundur haldinn í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Mættir:

Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra var boðin á fundinn.

Auk hennar mættu: Anna María Gunnarsdóttir, Anna Lydía Helgadóttir, Birna María Svabjörnsdóttir (í skype), Björk Óttarsdóttir formaður, Guðni Olgeirsson, Guðrún Edda Bentsdóttir, Haraldur Árni Haraldsson, Sonja Dögg Pálsdóttir, Sólrún Harðardóttir starfsmaður og Þórður Kristjánsson.

Dagskrá:

Björk Óttarsdóttir setti fundinn og bauð fólk velkomið. Afmælisbarni dagsins var óskað til hamingju! Síðan sagði Björk frá markmiðum, samsetningu og störfum samstarfsráðsins og fór að lokum yfir tillögur þess. Lilju var afhent lokaskýrsla samstarfsráðsins.

Skemmst er frá því að segja að Lilju leist mjög vel á tillögur ráðsins og hrósaði því fyrir góða vinnu. Hún ræddi um að tillögurnar væru í anda þeirra menntakerfa sem hafa náð árangri, þar sem kennarar eru í öndvegi. Þar væri áhersla á starfsþróun. Hún taldi að tillögurnar féllu mjög vel að menntastefnu Íslands og yrðu liður í henni.

Ráðherra óskaði eftir því að samstarfsráðið útbyggi minnisblað sem hún myndi leggja fyrir á ríkisstjórnarfundum á þriðjudaginn nk. Eins bað ráðherra um að skýrslan yrði sett upp á staðlaðan hátt stjórnarráðsins.



Myndina tók Krístrún Heiða Hauksdóttir.

Sólrún Harðardóttir skrifaði fundargerð